

**Tillögur og greinargerðir vegna fundar ungmenna
með borgarstjórn Reykjavíkur
11. júní 2021**

1) Bára Katrín Jóhannsdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Árbæjar og Holta

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um að stytta afgreiðslutíma þeirra tillagna sem ungmenni leggja fram á árlegum borgarstjórnarfundum og að upplýsingar um úrvinnsluferlið verði aðgengilegar:

Lagt er til að borgarstjórn feli skrifstofu borgarstjórnar að finna leiðir til að stytta afgreiðslutíma þeirra tillagna sem ungmenni leggja fyrir á árlegum fundum með borgarstjórn og að upplýsingar um úrvinnsluferlið verði gerðar aðgengilegar. Lagt er til að úrbætur verði kynntar eigi síðar en í janúar 2022.

Greinargerð:

Það getur tekið ráð og nefndir Reykjavíkurborgar langan tíma að afgreiða og vinna með þær tillögur sem til þeirra er vísað í framhaldi af fundum ungmenna með borgarstjórn. Það er mikilvægt að ungmenni upplifi að á þau sé hlustað og að einfalt sé að leita upplýsinga um stöðu tillagna. Því er lagt til að leitað verði leiða til að stytta ferlið, að upplýsingar um stöðu og úrvinnslu tillagna verði aðgengilegar á vef Reykjavíkurborgar og að þær séu uppfærðar reglulega.

2) Justina Kiskeviciute, fulltrúi í ungmennaráði Kjalarness

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness um aukna fræðslu um lýðræði og lýðræðislega þátttöku í grunnskólum Reykjavíkur:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að hefja vinnu við innleiðingu náms á unglingsstigi þar sem áhersla er lögð á fræðslu um lýðræði og lýðræðislega þátttöku í samstarfi við grunnskóla Reykjavíkur. Miða skal við að kennsla hefjist í öllum grunnskólum eigi síðar en á haustmíssi 2022.

Greinargerð:

Ungmenni kalla eftir auknum réttindum og fyrir Alþingi liggur til umsagnar frumvarp um lækkun kosningaaldurs niður í 16 ára. Mikilvægt er því að ungmenni fái hlutlausu fræðslu um lýðræði, stjórnsmál, stjórnkerfið, stjórnsmálaflokka og fleira til þess að þau séu betur tilbúin að takast á við þá áskorun að ganga til kosninga og gæta sinna hagsmuna.

3) Björk Arnardóttir, fulltrúi í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um bætt hjólastólaaðgengi í grunnskólum og félagsmiðstöðvum:

Lagt er til að borgarstjórn feli aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks að yfirfara aðgengi fyrir hjólastóla í grunnskólum og félagsmiðstöðvum fyrir árslok 2021 og gera tillögur að úrbótum til umhverfis- og skipulagssviðs sem skal ljúka úrbótum fyrir árslok 2022.

Greinargerð:

Einstaklingar sem notast við hjólastól í daglegu lífi eiga að hafa jafnt aðgengi og ófatlaðir að félagsmiðstöð og grunnskóla. Á Íslandi er skólaskylda en erfitt er að fylgja henni eftir þegar einstaklingur sem notast við hjólastól hefur ekki aðgengi að byggingu skólans. Börn og unglingar hafa rétt á því að sækja starf á vegum félagsmiðstöðva en í mörgum þeirra er hjólastólaaðgengi af skornum skammti og úr því verður að bæta.

4) Freyja Rúnarsdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um aukna ofbeldisforvarnafræðslu á unglíngastigi í grunnskólum:

Lagt er til að borgarstjórn feli skóla- og frístundasviði að bjóða nemendum á unglíngastigi í grunnskólum aukna forvarnafræðslu í tengslum við ofbeldi unglínga. Lagt er til að boðið sé upp á slíka fræðslu frá og með hausti 2022.

Greinargerð:

Undanfarið hefur umfjöllun um ofbeldi ungmenna í samfélaginu aukist. Líkamlegt ofbeldi á milli unglínga er ekki nýtt fyrirbæri á Íslandi en tímarnir hafa vissulega breyst. Með tilkomu samfélagsmiðla eru slagsmál og árásir mun sýnilegri börnum og ungmennum og unglíngar þurfa aukna fræðslu um áhrif ofbeldis, mismunandi birtingarmyndir þess og hvernig sé rétt að bregðast við þegar þau verða vitni að slagsmálum eða öðru ofbeldi.

5) Brynjar Bragi Einarsson, fulltrúi í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að tryggja fulltrúum Reykjavíkurráðs ungmenna laun fyrir setu á fundum ráðsins:

Lagt er til að borgarstjórn feli forsætisnefnd að gera nauðsynlegar breytingar til að tryggja fulltrúum Reykjavíkurráðs ungmenna laun fyrir setu á fundum ráðsins. Lagt er til að breytingin taki gildi haustið 2021.

Greinargerð:

Hingað til hafa fulltrúar Reykjavíkurráðs ungmenna ekki fengið greitt fyrir setu á fundum ráðsins. Ráðið fundar vikulega og sinnir ýmsum verkefnum innan borgarinnar. Við teljum það geta verið hvetjandi fyrir ungmenni í borginni að fá greitt fyrir vinnu sína í ráðinu líkt og fullorðið fólk fær greitt fyrir vinnu í ráðum og nefndum á vegum Reykjavíkurborgar. Það að fá greitt fyrir störf sín gefur starfinu ákveðið gildi og eykur afköst ráðsins. Fulltrúar Reykjavíkurráðs leggja hart að sér og eiga skilið viðurkenningu fyrir störf sín líkt og fullorðnir.

6) Elísabet Lára Gunnarsdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að skólasund verði gert að valfagi í grunnskólum Reykjavíkurborgar ef nemandi stenst stöðupróf á unglíngastigi:

Lagt er til að borgarstjórn feli skóla- og frístundaráði að gera sund að valfagi á unglíngastigi að því gefnu að nemandi hafi staðist stöðupróf um grunnhæfniviðmið skólasunds. Lagt er til að breytingin taki gildi í byrjun skólaárs 2021-2022.

Greinargerð:

Margir unglingar á efsta stigi grunnskóla hafa það á tilfinningunni að þeir hafi þegar snemma á unglिंगastigi þá hæfni sem hæfniviðmið aðalnámskrár grunnskóla segja að þeir þurfi að hafa í lok 10. bekkjar. Með möguleika á því að taka stöðupróf og hætta fyrir í skólasundi gætu unglingar ræktað sína styrkleika í öðru sem þeir velja sjálfir, en valgreinar eru hluti af skyldunámi á unglिंगastigi eins og kemur fram í aðalnámskrá.

7) Embla María Möller Atladóttir, fulltrúi í ungmennaráði Grafarvogs

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Grafarvogs um plastlausa Reykjavík 2026:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela umhverfis- og heilbrigðisráði að hefja vinnu við að gera Reykjavík að plastlausri borg ekki seinna en árið 2026. Miða skal við að vinna við það hefjist ekki seinna en haustið 2021 og gefast þá fimm ár í að ná settu markmiði.

Greinargerð:

Reykjavík ætti að gerast plastlaus borg vegna þess að jörðin er að deyja út af mannfólki sem er að menga á fullu og er plastmengun gríðarlega stór hluti af því vandamáli. Plast í umhverfinu drepur dýr og aðra náttúru, er óumhverfisvænt í framleiðslu og illendurvinnanlegt. Ísland er þekkt fyrir að vera frekar umhverfisvænt með okkar endurnýjanlegu orkugjafa og ætti Reykjavík einnig að beita sér fyrir því að vera leiðandi á sviði umhverfismála á heimsvísu. Framtíðarkynslóðir eiga rétt á góðri framtíð.

8) Annja Keita Róbertsdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Breiðholts

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts um að börn á miðstigi og unglिंगastigi í grunnskólum Reykjavíkur fái fræðslu um þungunarrof.

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að sjá til þess að börn og unglingar á mið- og unglिंगastigi í grunnskólum í Reykjavík fái fræðslu um þungunarrof eigi síðar en veturinn 2022-2023.

Greinargerð:

Þungunarrof hefur verið mikið í umræðunni, bæði í samfélaginu og á Alþingi. Mikilvægt er að börn og unglingar skilji og þekki sín réttindi og geri sér grein fyrir því að samkvæmt lögum um þungunarrof frá 2019 eiga konur rétt á að fá þungun sína rofna fram að lokum 22. viku þungunar. Í nútímasamfélagi er mikilvægt að geta tekið þátt í umræðum og að geta tekið upplýstar ákvarðanir og einnig er mikilvægt að vita hvert skal leita ef taka á slíka ákvörðun.